



Útskrifaðar Dömur taka við verðlaunum fyrir árangurinn enda ánægðar með að hafa staðist prófið. Nánar um námskeiðið í Fréttabréfinu.

Sumarglaðningur fyrir félagsmenn

Að vanda bjóðast félagsmönnum og fjölskyldum þeirra ýmsir möguleikar á orlofskostum sumarið 2003 eins og lesa má um í Fréttabréfinu sem tileinkað er þeim möguleikum sem í boði eru. Auk orlofshúsa, fellihýsa og tjaldvagna verður m.a. boðið upp á hálendisferð um Ísland og utanlandsferð til Mallorca. Með fréttabréfinu fylgir umsóknareyðublað með þeim kostum sem í boði eru sem skila þarf fyrir 14. apríl n.k. á Skrifstofu stéttarfélaganna.

MEÐAL EFNIS



Orlofshús og ferðir



**Myndir frá tölvunám-
skeiði Norðlenska**



**Hagsmunaaðilar funda
um atvinnumál**

ÚTGEFENDUR:

Þingið, félag iðnaðarmanna
Starfsmannafélag Húsavíkur
Verkalýðsfélag Húsavíkur
Verkalýðsfélag Þórshafnar
Verkalýðsfélag Öxarfjarðar
Verslunarmannafélag Húsavíkur
Ábyrgðarmaður: Aðalsteinn Á Baldursson

Fréttabréfið er skrifað
miðvikudaginn 27. mars 2003
og gefið út í 2000 eintökum.

VÖ ákveður aðalfund

Stjórn Verkalýðsfélags Öxarfjarðar hefur samþykkt að halda aðalfund félagsins sunnudaginn 27. apríl kl. 16:00 á Kópaskeri. Dagskrá fundarins verður auglýst nánar síðar.



Póður Aðalsteinsson starfsmaður hjá Trésmiðjunni Rein er laghentur með hamarinn og ekki síður sáttur sem hann var með í höndunum í Laugafiski þegar myndin var tekin.



Það voru margir hressir krakkar og unglingar sem litu við á Skrifstofu stéttarfélaganna á Öskudaginn og sungu mörg falleg lög gegn því að fá smá mæru í staðinn. Þessi hópur vakta sérstaka athygli fyrir fallegan söng, þau eiga það sameignlegt að vera nemendur Hafralækjarskóla.

Ekki skerðing réttinda hjá LN

-góð ávöxtun séreignardeildar á síðata ári.

Samkvæmt tryggingafræðilegu mati á stöðu Lífeyrissjóðs Norðurlands, miðað við síðustu áramót, er staða sjóðsins neikvæð um 12,3%, sem m.a. ræðst af lélegri ávöxtun tryggingardeildar s.l. og nýjum reikniðferðum um lífslíkur sem eykur skuldbindingar sjóðsins. Það eru einkum svokallaðar „framtiðarskuldbindingar“ sjóðsins sem eru neikvæðar. Samkvæmt lögum verður stjórn sjóðs að grípa til ráðstafana ef munur á eignum og skuldbindingum er umfram 10%.

Í samræmi við þetta mun stjórn Lífeyrissjóðs Norðurlands leggja til breytingar á samþykktum sjóðsins á komandi ársfundi til að draga úr skuldbindingum. Tillögur stjórnarinnar miða að því að ekki þurfi að skerða lífeyri sjóðfélaga og sem minnst röskun verði á þeim réttindum sem sjóðfélagar hafa þegar áunnið sér í sjóðnum. Með þetta að leiðarljósi leggur stjórn sjóðsins til að gerðar verði breytingar á réttindakerfi sjóðsins sem draga verulega úr framtiðarskuldbindingum sjóðsins, en hafa óveruleg áhrif á áunnin réttindi og engin áhrif á lífeyrisgreiðslur frá sjóðnum. Breytingin er fólgin í að lækka réttindastuðla sjóðsins úr 1,6/0,8 í 1,4/0,7 en hækka jafnframt áunnin stig sjóðfélaga um 12%. Auk þessa er greiðslutími makalífeyris og framreikningsréttur

í maka- og örorkulífeyri stytur lítið eitt. Sú breyting hefur þó ekki áhrif á þá sem njóta þessara lífeyristegunda í dag. Með þessum breytingum lækka skuldbindingar sjóðsins um 4.633 milljónir króna og er hann þá vel innan allra marka sem honum eru sett samkvæmt lögum.

Ávöxtun tryggingardeildar sjóðsins var ekki nægilega góð á s.l. ári. Ávöxtun var 0,05% (raunávöxtun -1,91%). Aðalástæður þessa er slæm ávöxtun erlendra skulda- og hlutabréfa. Hlutabréfin lækkuðu á árinu og til viðbótar þróaðist gengið þannig að tap á þessum flokkum varð meira en ella. Meðaltalsraunávöxtun s.l. 5 ár er 3,74% og 5,98% s.l. 10 ár.

Ávöxtun séreignardeildar var góð á árinu 2002, af Safni I var 10,1% ávöxtun (raunávöxtun 7,94%) og ávöxtun Safns II var 7,7% (raunávöxtun 5,59%). Frá stofnun séreignardeildarinnar hefur meðaltalsávöxtun á Safni I verið 7,79% og 8,67% af Safni II.

Ársfundur Lífeyrissjóðs Norðurlands verður haldin í Nýja Konungsverslunarhúsinu á Hofsósi föstudaginn 4. apríl kl. 16:00. Fundurinn er opin öllum sjóðsfélögum.

Frekari upplýsingar um Lífeyrissjóð Norðurlands er hægt að nálgast á heimasíðu hans www.ln.is.



Steinunn Ósk Stefánsdóttir var þungt hugsi þegar ljósmyndari Fréttabréfsins tók þessa mynd. Steinunn er starfsmaður á skrifstofu Kísiliðjunnar í Mývatnssveit.

**Verkalýðsfélag Húsavíkur
boðar til félagsfundar um
lífeyrissjóðsmál
þriðjudaginn 1. apríl kl.
20:00 í fundarsal
félagsins.**

**Farið verður yfir tillögur
að breytingum á
samþykktum Lífeyrissjóðs
Norðurlands sem liggja
fyrir aðalfundi sjóðsins
sem haldinn verður á
Hofsósi föstudaginn 4.
apríl 2003.**

Starfsfólk Norðlenska á námskeiðum

Norðlenska hefur að undanfögnu staðið fyrir öflugum fræðslustarfi í samstarfi við Skrifstofu stéttarfélaganna. Síðustu vikurnar hefur hópur starfsmanna setið á 60 kennslustunda tölvunámskeiði í Borgarhólsskóla undir leiðsögn Einars Helgasonar tölvukennara. Námskeiðinu var slitið síðasta föstudag. Þá eru fyrirhuguð námskeið í skyndihjálpi og líkamsbeitingu á næstu vikum sem ætluð eru öllum starfsmönnum fyrirtækisins. Landsmennt, fræðslusjóður verkafólks og aðrir fræðslusjóðir greiða að mestu þann kostnað sem til fellur við námskeiðin auk Norðlenska og stéttarfélaganna. Hér má sjá nokkrar svipmyndir af tölvu-

námskeiðinu sem starfsmenn eru mjög ánægðir með og hafa þegar nefnt að þeir vilji fá framhaldsnámskeið næsta vetur.



Dömunámskeið vekur athygli

Námskeiðið, Listin að vera dama, sem Verkalýðsfélag Húsavíkur stóð fyrir í mars og fjallaði um möguleika kvenna til að efla sig og styrkja vakti mikla athygli því á annað hundrað konur sátu námskeiðið. Því miður komust færri konur að en vildu. Vegna fjölmennis varð að



skipta þátttakendum upp í þrjá hópa. Helga Braga Jónsdóttir leikkona var leiðbeinandi á námskeiðinu og setti hún námskeiðið upp á skemmtilegan og óvenjulegan hátt. Þátttakendur voru mjög ánægðir með námskeiðið og þá var Helga Braga ekki síður ánægð með undirtektirnar á Húsavík auk þess sem hún



notaði dvölina á Húsavík til að skoða bæinn og það sem hann hefur upp á að bjóða. Hjá Helgu vöktu Hvalamiðstöðin og Húsavíkurkirkja sérstaka athygli. Hér má sjá blómarósina og dömunu Helgu Braga standa við mynd af Húsavík.

Hér fylgja einnig með svipmyndir frá Dömunámskeiðinu sem Verkalýðsfélag Húsavíkur stóð fyrir í mars í samstarfi við Mími-símenntun.



STUTTAR FRÉTTIR

Frá Starfsmannafélagi Húsavíkur

Í tilefni 40 ára afmælis Starfsmannafélags Húsavíkur stendur félagið fyrir ferð til Mallorca 28. ágúst og 11. september. Góð þátttaka er í ferðina, rúmlega 70 félagsmenn ásamt mökum samtals 115 manns skráðu sig í ferðina.

Á árinu 2002 greiddi Starfsmenntunarsjóður S.T.H. 65 styrki til starfsmenntunar samtals rúmlega 2 millj. Því er greinilegt að félagsmenn eru meðvitaðir um mikilvægi starfs- og endurmenntunar.

Félagsmenn eru hvattir til að halda áfram á þessari braut.

Umsóknareyðublöð um styrk hjá sjóðnum er hægt að nálgast á heimasíðu stéttarfélaganna www.vh.is og á Skrifstofu stéttarfélaganna sími 464-1301.

Í haust stefnir Starfsmannafélag Húsavíkur að halda námskeiðið Rakspöl í samvinnu við Fræðslusetur ríkisstarfsfólks. Upplýsingar um námskeiðið er hægt að nálgast á vef Fræðslusetursins www.ismennt.is. Námskeiðið verður nánar auglýst síðar.

Eins og venjulega er orlofsísbúð félagsins að Sólheimum 23 leigð út í sérstakri sumarúthlutun fyrir tímabilið 6. júní til 26. september. Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á heimasíðu félagsins www.vh.is og Skrifstofu stéttarfélaganna. Umsóknarfrestur vegna sumarúthlutunar er til 14. apríl n.k.

Krabbameinsleit endurgreidd

Rétt er að vekja athygli á því að stéttarfélagin niðurgreiða reglubundna krabbameinsleit að fullu fyrir fullgilda félagsmenn. Vinsamlegast framvísið kvittun fyrir krabbameinsleit á Skrifstofu stéttarfélaganna gegn endurgreiðslu.

Fundað með atvinnulausum

Sóknarpresturinn á Húsavík, fulltrúar frá Svæðisvinnumiðlun N-eystra og frá Verkalýðsfélagi Húsavíkur hafa myndað samstarfshóp um málefni atvinnulausra. Í framhaldi af því var fundað með atvinnulausum. Á fundinum komu fram nokkrar góðar hugmyndir er varða málefni atvinnulausa sem samþykkt var að fylgja eftir á næstu dögum og vikum. Vænst er mikils af þessu samstarfi.

Orlofshús, íbúðir, vagnar, hótél og ferðir

Áframhald á góðu samstarfi

Fyrir nokkru hófu stéttarfélagin á Þingeyjarsýslum víðtækt samstarf sem einnig nær til orlofsmála. Með samstarfinu bjóðast félagsmönnum Verkalýðsfélags Húsavíkur, Verslunarmannafélags Húsavíkur, Þingiðnar, Verkalýðsfélags Óxarfjarðar, Starfsmannafélags Húsavíkur og Verkalýðsfélags Þórs hafnar aukið framboð á orlofskostum fyrir sumarið 2003.

Félagsmönnum bjóðast orlofshús, íbúðir, gistiávisanir á Edduhótél, fellihýsi og tjaldvagnar, afsláttarfargjöld á flugi og ferju-siglingu, hálendisferð og ferð til Mallorca.

Sumarhús og íbúðir

Í sumar er boðið upp á sumarhús og íbúðir á eftirtöldum stöðum:

- **Orlofsbyggðinni Illugastöðum Fnjóskadal**, nýtt orlofshús með tveimur svefnherbergjum. Illugastaðir eru vel í sveit settir í nágrenni Húsavíkur. Í byggðinni er góð aðstaða fyrir börn og sundlaug.

- **Orlofsbyggðinni Einarstöðum á Héraði**, rétt sunnan Egilsstaða. Í boði eru þrjú sumarhús með þremur svefnherbergjum. Í orlofsbyggðinni eru leiktæki fyrir börn.

- **Orlofsbyggðinni Eiðum á Héraði**, rétt norðan Egilsstaða. Sumarhús með þremur svefnherbergjum og aðgangi að báti á Eiðavatni.

- **Klifabotni í Lóni**, rétt austan Hafnar í Hornafirði. Sumarhús með þremur svefnherbergjum.

- **Flúðasel, við Flúði**. Sumarhús með þremur herbergjum og heitum potti.

- **Mörk Grímsnesi**, við Álftavatn. Sumarhús með þremur svefnherbergjum og heitum potti.

- **Orlofsbyggðinni Úthlíð Biskups-tungum**. Sumarhúsið er með þremur svefnherbergjum og heitum potti.

- **Freyjugötu í Reykjavík**. Þrjár misstórar orlofsíbúðir með einu til tveimur svefnherbergjum.

- **Orlofsbyggðinni Munaðarnesi**. Þrjú sumarhús með þremur svefnherbergjum. Í orlofsbyggðinni er góð aðstaða fyrir börn, s.s. leiktæki.

- **Alviðru í Dýrafirði**. Eldra íbúðarhús með tveimur svefnherbergjum.

- **Kjarnaskógi við Akureyri**. Sumarhús með þremur svefnherbergjum og heitum potti (ath. aðeins leigt hluta sumarsins).

- **Dranghólaskógi í Óxarfirði**. Sumarhús með þremur svefnherbergjum (ath. aðeins leigt hluta sumarsins).

Sumarhús og íbúðir eru leigðar viku í senn frá föstudegi. Íbúðirnar í Reykjavík eru jafnframt leigðar frá degi til dags, þegar ekki eru umsækjendur um vikuleigu. Vikuleiga fyrir sumarhús og íbúðir er kr. 12.500 fyrir vikuna á tímabilinu 13. júní til 15. ágúst en kr. 11.000 fyrir vikuna utan þess tíma.



Alviðra, Dýrafirði
2 svefnherb. + svefnsofi í stofu
Útv. / Sjónv. / Grill / Sængurf.



Flúðasel
3 svefnherb.
Útv. / Sjónv. / Gasgrill



Munaðarnes
3 svefnherb.
Útv. / Sjónv. / Grill / Sængurf.



Mörk, Grímsnesi
3 svefnherb.
Útv. / Sjónv. / Grill / Heitur pottur



Úthlíð, Biskupst.
3 svefnherb.
Útv. / Sjónv. / Grill / Heitur pottur



Einarstaðir, Héraði
3 svefnherb.
Útv. / Sjónv. / Grill



Kjarnaskógur við Akureyri
3 svefnherb.
Útv. / Sjónv. / Grill



Klifabotni í Lóni
rétt austan Hafnar í Hornafirði.
Sumarhús með 3 svefnh.



Eiðar á Héraði
3 svefnherb.
Útv. / Sjónv. / Grill / Sængurf.

Hótelgisting á Eddu

Félagsmönnum býðst gisting á Eddu-hótélum sem staðsett eru á Laugarvatni, Skógum undir Eyjafjöllum, Vík í Mýrdal, Nesjaskóla við Höfn, Neskaupstað, Egilsstöðum, Eiðum, Stórutjörnum, Akureyri, Húnavöllum, Laugarbakka, Núpi í Dýrafirði, Laugum í Dalasýslu og Hellisandi.

Félagsmenn kaupa á Skrifstofu stéttarfélaganna gistiávisun fyrir uppþúið tveggja manna herbergi með handlaug og bóka sér síðan gistingu þar sem þeir kjósa. Heimilt er að hafa með sér börn án sérstaks aukagjalds ef viðkomandi hefur með sér rúmföt fyrir þau. Hótelíð leggur til dýnur. Verð fyrir gistinóttina fyrir fjölskylduna er kr. 3.500. Athugið að morgunverður er ekki innifalinn og misjafnt framboð er á þessari tegund gistingar hjá einstökum hótélum eftir tímabilum.

Fellihýsi og tjaldvagnar

Með samningi við Tjaldvagnaleigu Agnars Kára Sævarssonar á Húsavík geta félagsmenn tekið á leigu fellihýsi og tjaldvagna. Vagnarnir eru leigðir viku í senn frá fimmtudegi. Utan háannatímans (fyrir 19/6 og eftir 14/8) eru þeir einnig leigðir í styttri leigu, t.d. um helgi.

Fellihýsin og tjaldvagnarnir eru allir nýir eða nýlegir. Þeir eru leigðir með gasi og tjaldvögnunum fylgir gashella, gashitari, stólar og borð.

Vikuleiga fyrir fellihýsi er kr. 12.500 og fyrir tjaldvagna kr. 11.000 til félagsmanna sem leigja þá fyrir 1. maí n.k., en kr. 18.500 og kr. 17.000 séu þeir leigðir eftir þann tíma.

Stéttarfélagafargjöld

Stéttarfélagin bjóða félagsmönnum upp á ýmsa möguleika í fríinu. Samið hefur verið við ferðaþjónustuaðila um stéttarfélagfargjöld fyrir sumarið 2003. Í boði eru afsláttarfargjöld hjá eftirtöldum aðilum:

Flugfélag Íslands hf. innanlandsflug. Stéttarfélagfargjald kr. 5.315 aðra leiðina og kr. 10.630 báðar leiðir, flugvallaskattur er innifalinn í verði. Bóka þarf flug með a.m.k. fimm sólarhringa fyrirvara á sölustöðum flugfélagsins í síma 570-3030.

S.B.A. Norðurleið, rútuferðir. Félagsmenn og fjölskyldur þeirra fá 25% afslátt af áætlunarferðum fyrirtækisins ef keypt og greitt er fyrir ferðalag fram og til baka. Bókanir fara fram hjá fyrirtækinu sjálfu í síma. Bókanir og sala fer fram hjá S.B.A. Norðurleið í síma 462-4442 eða hjá bílstjórunum við brottför.

Ferðaskrifstofa Austurlands, flug Egilsstaðir – Dusseldorf. Í samstarfi við Ferðaskrifstofu Austurlands fá félagsmenn flugfargjald á sérstöku verði fyrir sig og fjölskyldu sína í flug með LTU frá Egilsstöðum til Dusseldorf í Þýskalandi. Flugfargjald fyrir félagsmenn er kr. 24.500. Makar greiða kr. 27.500 og börn kr. 18.400. Almennit fargjald er kr. 32.500. Flugvallarskattur er innifaldir í fargjöldum. Nánari upplýsingar og bókanir eru hjá Ferðaskrifstofu Austurlands í síma 471-2000.

Austfar, ferjusigling með Norrænu. Félagsmönnum býðst kr. 6.000 ódýrara fargjald fyrir sig í áætlunarsiglingum Norrænu í sumar. Félagsmaður ákveður ferðatilhögun og velur sér ferð og fær kr. 6.000 í aukaafslátt. Uppl. og bókanir eru hjá Austfar í s. 472-1111.



Tjaldvagnar
Svefnstæði fyrir 4
Gashella og gashitari




Felliþýsi
Svefnstæði fyrir 6
Gashellur / Gas-/rafmiðstöð



Illugastaðir, Fnjóskadal
3 svefnherb.
Útv. / Sjónv. / Grill



Dranghólaskógur, Öxarf.
3 svefnherb.
Útv. / Sjónv. / Grill



Sumarferð um hálendið Norðanlands

Fyrirhuguð er helgarferð á vegum stéttarfélaganna um miðjan ágúst, enda verði næg þátttaka, um hálendið Norðanlands. Farið verður með rútu frá Húsavík um hádegi á föstudag inn í Bárðardal, gist í Laugafelli, ekið niður í Skagafjörð á laugardegnum og gist þar og ekið heim á sunnudeginum. Í ferðinni verða markverðir staðir og náttúruperlur skoðaðar.

Skráning stendur yfir til 20. apríl á Skrifstofu stéttarfélaganna. Verð fyrir fullorðna er kr. 4.900,- það er fyrir félagsmenn og maka þeirra. Börn yngri en 16 ára greiða kr. 2.500. Innifalið í ferðinni er gisting, akstur, morgunmat og kvöldmáltíð á laugardegnum. Að öðru leiti er reiknað með að þátttakendur nesti sig sjálfir. (Sjá nánar á baksíðu).

Frí á Mallorca

Í samvinnu við Heimsferðir bjóða stéttarfélagin félagsmönnum og fjölskyldum þeirra upp á tvær vikuferðir (möguleiki á viku lengingu) til Mallorca 7. júlí og 18. ágúst. Gist verður á íbúðahótelinu Tres Torres á Playa de

Palma ströndinni í ferðinni 7. júlí þar sem í boði eru íbúðir með einu svefnherbergi og íbúðahótelinu Valentin Park í strandbænum Paguera 18. ágúst þar sem í boði eru stúdíó og íbúðir með einu svefnherbergi.

(Sjá verðdæmi í töflunni hér að neðan)

Innifalið í ferðinni eru flug, akstur til og frá flugvelli, gisting og fararstjórn.

Valkvætt forfallagjald er kr. 1.800.

Nú er mikilvægt að bregðast skjótt við, því tekið er á móti skráningum í ferðirnar til 14. apríl n.k. á Skrifstofu stéttarfélaganna sími 464-1301, þar sem allar nánari upplýsingar eru veittar.

Sumar, haust, vetur og vor

Eftirspurn eftir orlofshúsum og íbúðum er mest yfir aðalorlofstímamán júní, júlí og ágúst. Mörg þeirra húsa og íbúða sem félögin bjóða upp á er einnig hægt að leigja utan aðalorlofstímans, s.s. á Illugastöðum, Öxarfirði, Einarstöðum, Eiðum, Munaðarnesi og í Reykjavík. Orlofshús Verkalýðsfélags Þórshafnar í Kjarnaskógi við Akureyri er leigt út allt árið og annast Verkalýðsfélag Þórshafnar útleigu utan sumarorlofstímans sími 468-1160.



Eddu hótel
Fjölskyldan gistir fyrir
kr. 3.500,- pr. nótt.



Freyjugata 10, Reykjav.
Íbúð 1: 2 svefnherb. Útv. / Sjónv.
Íbúð 2: 1 svefnh. Útv. / Sjónv.

Umsóknarfrestur

Með þessu fréttabréfi fylgir umsóknar-eyðublað um orlofshúsin og íbúðirnar, sem einnig er hægt að nálgast á heimsíðu félaganna www.vh.is. Umsóknum skal skila til Skrifstofu stéttarfélaganna í síðasta lagi 14. apríl nk. Umsóknarfrestur í Mallorcaferð er einnig til 14. apríl en til 20. apríl í hálendisferðina.



Frá Valentin Park hótelinu.

Verðdæmi vikuferð til Mallorca 7. júlí:					
Tres Torres	Almennt verð	Maki félagsm.	Börn 2-11 ára	Smábörn	Félagsmaður
Mv. tvo í íbúð	66.050	56.050	45.050	7.000	43.050
Mv. fjóra í íbúð	57.350	47.350	36.350	7.000	34.350
Verðdæmi vikuferð til Mallorca 18. ágúst:					
Valentín Park	Almennt verð	Maki félagsm.	Börn 2-11 ára	Smábörn	Félagsmaður
Mv. tvo í stúdíói	62.150	52.150	41.150	7.000	39.150
Mv. fjóra í íbúð	56.350	46.350	35.350	7.000	33.350

Færeyingar ánægðir

Formanni Verkalýðsfélags Húsavíkur sem jafnframt er formaður Matvælasviðs Starfsgreinasambands Íslands var boðið að kynna sér fiskveiðistjórnunarkerfið og málefni verkafólks í Færeyjum í febrúar sl. Ferðin var mjög fróðleg og það sem vakti sérstaka athygli er að Færeyingar eru almennt mjög ánægðir með fiskveiðistjórnunarkerfið ólíkt því sem er á Íslandi. Fiskveiðikerfið í Færeyjum byggir á dagakerfi sem úthlutað er á skip og báta og friðun veiðisvæða. Mjög lítið er um kvótabrask og þátttaka sjómanna í kaupum á sóknardögum er ekki til staðar. Þá eru dagvinnulaun töluvert hærri í Færeyjum en á Íslandi. Algengt er að fiskvinnslufólki í Færeyjum sé greitt um eitt þúsund krónur á tímann í dagvinnu. Á Íslandi eru samningsbundnir kauptaxtar fiskvinnslufólks um 512 til 553 kr. á tímann. Kaupauki er ekki greiddur í Færeyjum, hann er hins vegar greiddur á Íslandi og er mjög mismunandi. Á félagssvæði Verkalýðsfélags Húsavíkur er meðalbónusinn um 280 hjá þeim fiskvinnslufyrirtækjum sem greiða kaupauka ásamt föstum launum.



Verulega hærri laun eru greidd í fiskvinnslu í Færeyjum en á Íslandi. Myndin er tekin í saltfiskverkun í Færeyjum þar sem starfsmenn voru með um 1100 kr. á hverja dagvinnustund.

500.000 til málefna atvinnulausra

Verkalýðsfélag Húsavíkur samþykkti nýlega að setja allt að kr. 500.000,- til verkefna sem tengjast málefnum atvinnulausra. Um er að ræða verkefni sem viðkoma námskeiðum, menningu og líkamsrækt fyrir atvinnulausa. Atvinnulausir hafa tekið þessu útspili félagsins fagnandi og hafa þó nokkrir nýtt sér þá kosti sem í boði eru.

Hjalti og Héðinn kaupa bát

Félagarnir Hjalti Hálfánarson og Héðinn Jónasson ásamt fjölskyldum hafa keypt nýjan bát sem fengið hefur nafnið Hinni ÞH 70. Báturinn sem er 28 brúttólestir er nefndur eftir kunnum skipstjóra á Húsavík sem lést fyrir nokkrum árum, Hinrik Þórarinssyni. Skrifstofa stéttarfélaganna óskar útgerð Hinna ÞH til hamingju með bátinn.

Aðalfundur

**Verkalýðsfélags Húsavíkur verður haldinn
sunnudaginn 4. maí 2003 í fundarsal
félagsins og hefst kl. 16:00.**

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
 - a) Félagaskrá
 - b) Skýrsla stjórnar
 - c) Ársreikningar
 - d) Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninga
 - e) Lýst kjöri stjórnar, varamanna í stjórn, trúnaðarmannaráðs og skoðunarmanna reikninga
 - f) Kjör í stjórnir sjóða, nefndir og ráð
 - g) Kosning löggilts endurskoðanda
 - h) Lagabreytingar
 - i) Ákvörðun árgjalda
 - j) Laun stjórnar
2. Önnur mál

Í lok fundar verður boðið upp á hefðbundnar veitingar og þá fá allir fundarmenn veglega gjöf frá félaginu.

**Félagar fjölmennið
Verkalýðsfélag Húsavíkur**

Hagsmunaaðilar ræða atvinnumál á Húsavík

Verkalýðsfélag Húsavíkur hefur síðustu mánuði staðið fyrir umræðu um atvinnumál á félagssvæðinu og í því sambandi unnið skýrslu um atvinnuástandið, gert könnun á atvinnuhorfum unglinga í Borgarhólsskóla í sumar, haldið félagsfund um atvinnumál, fundað með bæjarráði, atvinnulausum, Svæðisvinnumiðlun N-eystra, Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga og öðrum hagsmunaaðilum sem tengjast atvinnulífinu á Húsavík. Verkalýðsfélag Húsavíkur lítur stöðu mála alvarlegum augum og vill með þessari umræðu vekja athygli á

stöðunni. Þegar hefur verið myndaður einn starfshópur um málefni atvinnulausra sem ætlað er að taka á ýmsum félagslegum þáttum atvinnulausra. Starfshópurinn er myndaður af sóknarprestinum á Húsavík og fulltrúum frá Svæðisvinnumiðlun N-eystra og Verkalýðsfélagi Húsavíkur. Þá stendur til að mynda samráðshóp hagsmunaaðila sem tengjast atvinnulífinu á Húsavík á næstu dögum og hefur Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga tekið að sér að kalla hópinn saman til fyrsta fundar.



Í F+ tryggingu VÍS eru allir í
fjölskyldunni ferðatryggðir.

Það borgar sig að vera með
F+ tryggingu



VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF

Í íþróttamiðstöðinni Ver á Þórshöfn er líf og fjör

Í sumar mun mótuneyti hússins taka á móti hópum af öllum stærðum í hvers kyns veitingar. Í húsinu er mjög fullkomið eldhús og rúmgóður veitingasalur.

Skráðar heimsóknir í íþróttamiðstöðina Ver á Þórshöfn á síðasta ári voru rúmlega 30.000 talsins. Þar af voru um 10.000 í sund, 7.300 í skólaíþróttum, 1.900 í íþróttasal, 1.200 í þreksal, 5000 í mótuneyti, 1.600 í ljósabekk og 3.000 í skólasund. Aðsóknin er mjög svipuð og árið á undan fyrir utan töluverða aukningu í þreksal. Dagskrá hússins er þétt skipuð flesta daga og eru Þórshafnarbúar duglegir að nýta sér þessa frábæru aðstöðu. Á dagskránni er m.a. fótboltaæfingar, badmintonæfingar, körfuboltaæfingar, frjálsíþróttæfingar, fimleikaæfingar, sundleikfimi og eróbíkæfingar. Nú eftir áramót hófst svo skátastarf af fullum krafti eftir nokkurt hlé. Á meðfylgjandi mynd má sjá Stefán Má íþróttakennara á sund-



æfingu með nemendum úr Svalbarðsskóla. Sá stutti með sundgleraugun heitir Hilmir Vagn.

Bjartsýni með rekstur matvöru- verslunarinnar á Þórshöfn

Endurskipulagning Lónsins ehf á Þórshöfn síðustu 2 ár hefur tekist vel og á síðasta ári var fyrirtækið rekið með hagnaði. Á árinu urðu miklar breytingar í rekstri Lónsins. Þar sem helst að nefna að Lónið hefur hafið viðskipti við Búr. Í framhaldi af þeim viðskiptum hafa allar vöru- tegundir verslunarinnar lækkað í verði. Í söluskálanum er boðið upp á heimilismat í hádeginu alla virka daga og er sú þjónusta vel nýtt. Síðan í haust hefur söluskálinn einnig boðið upp á pizzur og hefur þeim verið vel tekið. Svo má geta þess að Brauðhús Lónsins er að fara af stað með markaðssetningu á rúgbrauði. Eins og þeir vita sem hafa smakkað er hér um að ræða stórgott rúgbrauð sem á



fullt erindi í stærri verslanir. Á myndinni er Margrét afgreiðslustúlka í Lóninu ásamt Sóleyju Vífilsdóttur.

Ný verslun opnar á Þórshöfn

Þann 20. febrúar sl. opnaði ný verslun á Þórshöfn sem ber nafnið Hitt og þetta. Í versluninni er að finna margskonar handverk úr öllum áttum. Eigendurnir, þær Jóhanna sem er á myndinni og Herdís selja vörur í umboðssölu fyrir heimafólk og fleiri. Þær hafa einnig á boðstólum fallegar trévrur frá versluninni Balís í Reykjavík. Móttökur hafa verið sérlega góðar það sem af er og er greinilega þörf á verslun sem þessari í plássinu. Með þessari verslun er vert að fylgjast með í framtíðinni þar sem sífellt er að koma inn nýtt og spennandi handverk.

Verslunin er að Langanesvegi 2 og er opin: kl. 16 – 18 mánudaga til fimmtudaga og kl. 13 – 18 á föstudögum.



STUTTAR FRÉTTIR

Hátíðahöldin 1. maí í undirbúningi

Þessa dagana er unnið að því að setja saman veglega dagskrá fyrir hátíðahöldin á Húsavík 1. maí. Þau verða að venju haldin í Félagsheimili Húsavíkur. Verkalýðsfélag Öxarfjarðar og Verkalýðfélag Þórshafnar stefna einnig að því að halda veglega upp á hátíðardag verkafólks. Hátíðahöldin verða nánar auglýst síðar.

Námskeið í ferða- þjónustu í skoðun

Í byrjun mars stóð Verkalýðsfélag Húsavíkur fyrir fundi á Húsavík um uppbyggingu náms fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu á svæðinu. Á fundinn mættu fulltrúar frá Starfsgreinasambandi Íslands og Mími-símenntun í Reykjavík þau Kristján Bragason og Ingibjörg E. Guðmundsdóttir ásamt fulltrúum frá fyrirtækjum í ferðaþjónustu á Húsavík og Markaðsráði Húsavíkur. Á fundinum var ákveðið að sækja um styrk til Starfsmenntaráðs Félagsmálaráðuneytisins. Samstarfsaðilar að umsókninni eru þeir aðilar sem þátt tóku í fundinum, ásamt Markhús, sem er fulltrúi 40-50 fyrirtækja á svæðinu. Markmiðið með umsókninni er að fá fjármagn til að búa til stutta starfsmenntabraut fyrir fólk, sem starfar í ferðaþjónustufyrirtækjum, sem byggja starf sitt á fiski. Verkefnið ber vinnuheimtið "Fiskur og ferðaþjónusta". Svar frá Starfsmenntaráði við beiðni samstarfsaðilanna um fjárstuðning er væntanlegt á næstu vikum.

VH gengur frá tillögum um fjölskyldumál

Fyrir nokkru fékk Verkalýðsfélag Húsavíkur erindi frá Húsavíkurbæ þar sem félaginu var boðið að hafa áhrif á mótun fjölskyldustefnu bæjarins sem unnið er að þessa dagana. Félagið myndaði starfshóp um verkefnið sem nú hefur skilað frá sér tillögum að fjölskyldustefnu til stjórnar félagsins. Tillögurnar voru samþykktar á síðasta stjórnarfundinum með smávægilegum breytingum og sendar nefndinni sem vinnur að mótun fjölskyldustefnu bæjarins. Einnig má geta þess að Verslunarmannafélag Húsavíkur hefur gengið frá tillögum um sama efni sem komið hefur verið á framfæri við fjölskyldunefndina hjá Húsavíkurbæ.

Óbyggðaferð

Fyrirhuguð er helgarferð á vegum stéttarfélaganna um miðjan ágúst enda verði næg þátttaka um hálendið Norðanlands. Farið verður með rútu frá Húsavík um hádegi á föstudag inn í Bárðardal, upp á Sprengisand og gist í Laugafelli. Á leiðinni verður Aldeyjarfoss, Hrafnabjargarfoss og fleiri athyglisverðar náttúruperlur skoðaðar. Gist verður í Laugafelli, þar sem eru heitir og góðir skálar og góð laug til að baða sig í. Á laugardegi verður síðan ekið niður í Skagafjörð og inn dalir skoðaðir, þar eru m.a. bæirnir Merkigil og Ábær og gist í Skagafirði. Á sunnudeginum verður farið í Eyjasiglingu á Skagafirði. Ennfremur verður litast um og stoppað á fallegum stöðum á heimleiðinni hvort heldur sem farið yrið um Lágheiði eða Öxnadalshéiði. Þetta er þægileg ferð fyrir alla aldurs hópa.

Skráning stendur yfir til 20. apríl á Skrifstofu stéttarfélaganna. Verð fyrir fullorðna



Stéttarfélagin hafa oft boðið upp á skemmtilegar sumarferðir og er einn slík fyrirhuguð ferð í sumar um hálendi Íslands og Norðurland með Rúnari Óskarssyni ferðamálafrömuði. Hér má sjá mynd úr sumarferð stéttarfélaganna út í Flatey á Sjálfanda sumarið 2000.

er kr. 4.900,- það er fyrir félagsmenn og maka þeirra. Börn yngri en 16 ára greiða kr. 2.500. Innifalið í ferðinni er gisting, akstur, morgunmatur og kvöldmáltíð á laugardeginum. Að öðru leiti er reiknað með að þátttakendur nesti sig sjálfir. Þetta er frábær ferð á mjög góðu verði, ekki missa af henni. Frekari upplýsingar er hægt að fá á Skrifstofu stéttarfélaganna í síma 464-1301.

Reykingar bannaðar í orlofsíbúðum og orlofshúsum

Sameiginleg orlofsnefnd stéttarfélaganna hefur tekið ákvörðun um að banna reykingar í orlofsíbúðum, orlofshúsum, fellihýsum og tjaldvögnum sem eru á vegum stéttarfélaganna.

Það er einlæg ósk Orlofsnefndar stéttarfélaganna að félagsmenn taki tillit til þessa og virði þannig réttindi þeirra sem reykja ekki og/eða þeirra sem eiga erfitt með að dvelja þar sem mikið hefur verið um reykingar.

Styrkir til félagsmanna Verslunarmannafélags Húsavíkur

-nýjar reglur, aukin réttindi

Meðal réttinda í Sjúkrasjóði Verslunarmannafélags Húsavíkur er að félagsmenn í Verslunarmannafélagi Húsavíkur fá greidda eina krabbameinsskoðun á ári. Auk þess styrkir sjóðurinn félagsmenn um kr. 6.000 á ári vegna heilsuræktar (mv. fullt starf).



Allt fyrir framtíðina...

Munið gjafabréfin!

Framtíðarreikningur er frábær fermingargjöf

Framtíðarreikningur er frábær fermingargjöf og gott veganesti fyrir ungt fólk út í lífið því að reikningurinn ber ávallt hæstu innlánsvexti sem í búið eru í bankanum. Innstæða á Framtíðarreikningi er gjöf sem vex og dafnar og með tímanum eignast fermingarbarnið sjóð sem það getur notað til að láta framtíðardrauma sína rætast. Hægt er að fá Framtíðarreikninginn í fallegum gjafaumbúðum í öllum útibúum okkar.

- Ávallt hæstu innlánsvextir
- Hámarksöryggi
- Verðtrygging
- Sveigjanleiki
- Hægt að leggja inn hvenær sem er
- Fæst í fallegum gjafaumbúðum
- Laus við 18 ára aldur
- Gjöf sem vex

Fáðu nánari upplýsingar í næsta útibúi okkar, kíktu á isb.is eða hringdu í þjónustuverið í síma 440 4000.

 ÍSLANDBANKI

www.isb.is Verðu með allri á breiðum!

Lífeyrissparnaður er einfalt mál



Sífelld vaxandi ánægja



Lífeyrisreikningur Sparisjóðsins

	rafnárvöxtun	raunárvöxtun
1999	11,54%	5,62%
2000	10,50%	6,00%
2001	15,67%	6,40%
2002	8,62%	6,49%
2003	9,27%	6,60%

Það er ánægjulegt að sjá sparnaðinn sinn vaxa ár frá ári.

Ánægðir viðskiptavinir eru helsta takmark og stolt Sparisjóðsins og þess vegna býður Sparisjóðurinn þér verðtrygðan hávaxtareikning fyrir lífeyrissparnaðinn þinn. Lífeyrisreikningur Sparisjóðsins hefur sýnt bestu árvöxtun sambærilegra reikninga frá upphafi*.

Veldu trausta leið í lífeyrissparnaði. Komdu og ráðfærðu þig við þjónustufulltrúa Sparisjóðsins og tryggðu þér sífelld vaxandi ánægja í lífeyrismálum þínum.

www.spar.is

*Engin þóknun dregið frá árvöxtun reikningsins.



SPARISJÓÐUR
ÞÓRSAHAFNAR OG NÁGRENNIS
Sími Þórshöfn 468-1300 • Sími Kópaskeri 455-1310